



Reglur um geymslu og meðferð lyfseðilsskyldra lyfja

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda þar sem starfsmenn fjölskyldusviðs afhenda notendum þjónustu Fjölskyldusviðs lyfseðilsskyld lyf samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Þjónustusamningur

Starfsmenn fjölskyldusviðs hafa aðeins heimild til að afhenda lyf í samræmi við ákvæði þjónustusamnings undirrituðum af þjónustunotanda eða skipuðum talsmanni hans.

3. gr.

Geymsla lyfja

Lyf skulu geymd í læstum lyfjaskáp. Skilgreint er í þjónustusamningi hverjir hafa aðgang að lyfjaskápnunum.

4. gr.

Lyfjaskömmtnun

Starfsmönnum er aðeins heimilt að afhenda lyfseðilsskyld lyf úr dag- og tímasettri lyfjarúllu. Ef talin er þörf á frekari lyfjagjöf skal starfsmaður leita ráða hjá heilsugæslu.

5. gr.

Afhending lyfja

Starfsmaður skráir lyfjagjöf í hefti sem er í lyfjaskápnunum og kvittar fyrir með nafni þegar lyf hafa verið gefin.

6. gr.

Misbrestur

Verði starfsmaður var við misbrest í lyfjagjöf, til dæmis að lyf hafi ekki verið gefin eða að lyfjaskammta vanti skal hann tilkynna það til næsta yfirmanns.

Fjarðabyggð 16. apríl 2021

Jón Björn Hákonarson
bæjarstjóri

Samþykkt í félagsmálanefnd 9.mars 2021

Samþykkt í bæjarráði 29.mars 2021

Samþykkt í bæjarstjórn 15.apríl 2021

